

30. nóvember 2010


Kauphallartilkygning

Stjórnendabreytingar hjá Eignarhaldsfélagi Smáralindar ehf., Smáralind ehf. og Fasteignafélagi Íslands ehf.

Stjórn Fasteignafélags Íslands ehf., eiganda Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf., hefur samþykkt nýtt skipurit sem tekið hefur gildi. Með nýju skipuriti færast dagleg stjórnun Eignarhaldsfélags Smáralindar ehf. til móðurfélagsins, Fasteignafélags Íslands ehf. Markmið breytinganna er að mynda öfluga umgjörð um eignir Fasteignafélags Íslands ehf. og er liður í að undirbúa félagið fyrir fyrirhugaða skráningu í Kauphöll. Sturla Eðvarðsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fasteignafélags Íslands ehf., Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. og Smáralindar ehf.

Samhliða þessum breytingum hafa eftirfarandi stjórnendur látið af störfum; Henning Freyr Henningsson framkvæmdastjóri Smáralindar ehf. og Helgi Marinó Magnússon framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Smáralindar ehf. Eftirtaldir aðilar hafa verið ráðnir í stjórnendastöður hjá Fasteignafélagi Íslands hf.; Fjármálastjóri er Jóhann Sigurjónsson, Markaðsstjóri er Guðrún Margrét Örnólfsdóttir og Rekstrarstjóri er Kristinn Jóhannsson fyrrverandi rekstrarstjóri Smáralindar ehf.

Skipurit Fasteignafélags Íslands ehf. er eftirfarandi:



Nánari upplýsingar veitir:

Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Fasteignafélags Íslands ehf.

S: 528 8000 / 896-2164

sturla@smaralind.is